

19

13. júní

**L Ö G**

**um framlenging á gildi laga nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti.**

**Vér Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru.

1. gr.

Gildi laga nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti, framlengist til 1. júlí 1938.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Sorgenfrihöll, 13. júní 1937.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

20

13. júní

**L Ö G**

**um breyting á lögum nr. 35 1. febrúar 1936, um viðauka við lög nr 78, 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.**

**Vér Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru.

1. gr.

1. gr. laga nr. 35 1. febrúar 1936 verði svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að stjórn Kreppulánasjóðs gefi út handhafaskuldabréf að upphæð allt að 1½ milljón kr., og teljast þau til skuldabréfaflokks þess, er í 8. gr. segir, sem þannig má verða allt að 3 milljónum kr. að upphæð.

Trygging fyrir skuldabréfum þessum er sú sama og segir í 8. gr.

Skuldabréfum þessum má verja til lánveitinga handa hreppsfélögum landsins og fyrirtækjum þeirra, öðrum en atvinnufyrirtækjum, til þess að ná hagkvæmum samningum um skuldir hreppsfélaga, sem eru stofnaðar fyrir 1. janúar 1936, þar

með taldar fátækraskuldir milli sveitarfélaga og skuldir við sjúkrahús og heilsu- **20**  
 hæli. Bréfin skulu vera gildur gjaldeyrir með nafnverði gagnvart innlendum lánar- 13. júní  
 drottnum eða skuldareigendum til greiðslu hverrar þeirrar skuldar, sem eldri er,  
 og ekki tryggð með fasteignarveði, handveði eða ríkisábyrgð. Sama gildir um  
 greiðslu víxla, sem gefnir hafa verið út eftir 1. janúar 1936, ef skuldin hefir upp-  
 haflega verið stofnuð fyrir þann tíma. Til greiðslu skulda, eldri en frá 1. janúar  
 1933, eru bréf þessi fullgildur gjaldeyrir á sama hátt og skuldabréf, sem gefin eru  
 út samkvæmt lögum nr. 78 19. júní 1933.

Um gerð og fjárhæð skuldabréfa þeirra, sem ræðir um í þessari grein, gilda  
 ákvæði 8. gr.

### 2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að fela stjórn Kreppulánasjóðs að nota það, sem eftir  
 er af skuldabréfum Kreppulánasjóðs bæjar- og sveitarfélaga, til:

- a) Skuldaskila þeirra sveitarfélaga, sem ekki fengu lán úr sjóðnum á árinu 1936,  
 en senda umsóknir um það fyrir 1. september 1937.
- b) Að breyta skuldum læknishéraða, sem þau standa í vegna kaupa eða byggingar  
 á bæði læknisbústað og sjúkraskýli, enda innheimti hlutaðeigandi sýslumenn ár-  
 gjöldin af lánum þessum með manntalsþingagjöldum og standi skil á þeim til  
 Kreppulánasjóðs. Atvinnumálaráðherra setur reglur um niðurfjöfnun gjaldsins í  
 hinum einstöku héruðum, að fengnum tillögum landlæknis.

Umsóknir um lán eftir þessum lið skulu komnar til sjóðsstjórnarinnar fyrir  
 1. sept. 1937.

- c) Að lána það, sem afgangur kann að verða þegar lokið er lánveitingum samkvæmt  
 a- og b-lið þessarar gr., þeim bæjarfélögum, sem á árinu 1936 fengu ekki full-  
 nægjandi afgreiðslu hjá sjóðnum.

Meðan lánveitingar þessar fara fram skal stjórn sjóðsins skipuð eins og segir í  
 1. mgr. 15. gr. 1. nr. 35 1936, og skal þeim lokið eigi síðar en 1. jan. 1938.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Sorgenfrihöll, 13. júní 1937.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
 (L. S.)

*Haraldur Guðmundsson.*